

**Bókun fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs
í nefnd um mótun þjóðaröryggisstefnu
31. janúar 2014**

Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill leggja sitt af mörkum til að sem víðtækust samstaða sé um stefnu Íslands í þjóðaröryggismálum, stefnu sem tekur mið af breyttum aðstæðum í alþjóðamálum þar sem sagt er skilið við kalda stríðið. Þær tillögur sem nú liggja fyrir taka í meginatriðum mið af þessum breyttu aðstæðum. Í stað þess að miðast eingöngu við ríkisvaldið, hervarnir eða ógnir frá ríkjum eða ríkjabandalögum, eins og í kalda stríðinu, hefur öryggishugtakið verið víkkað út með það fyrir augum að ná yfir „nýjar ógnir“, þ.e. hnattræna eða þverþjóðlega, samfélagslega og mannlega áhættuþætti, eins og skipulagða glæpastarfsemi, hryðjuverk, efnahagskreppu, ólöglega fólksflutninga, mansal, matvælaöryggi, náttúruhamfarir, farsóttir, umhverfisógnir og fjarskipta-, net- og orkuöryggi. Vinstrihreyfingin – grænt framboð er sammála þessari nálgun og fagnar því sérstaklega að skýrsla nefndarinnar hefur að geyma tillögu um að unnið verði að því að Ísland verði friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum og leitað leiða til að afla slíkri friðlýsingu alþjóðlegrar viðurkenningar.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur þó að áherslan á aðild að Atlantshafsbandalaginu og þátttöku m.a. í loftrýmiseftirliti rími illa við þá breiðu nálgun á þjóðaröryggisstefnu sem að öðru leyti er samstaða um. Það er skýr stefna VG að Ísland sé herlaust land og standi utan hernaðarbandalaga en efli frekar þátttöku sína í stofnunum Sameinuðu þjóðanna þar sem öll ríki eiga aðild, svo og í stofnunum eða samtökum eins og Norðurlandaráði, Evrópuráðinu og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Fulltrúar VG í nefndinni standa því ekki að þeim tillögum nefndarinnar er lúta að og/eða leiða af aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, en styðja tillögurnar að öðru leyti.

Katrín Jakobsdóttir

Árni Þór Sigurðsson